

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2006

frá 8. desember 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2006 frá 22. september 2006 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/368/EB frá 20. mars 2006 um ítarlegar, tæknilegar kröfur um framkvæmd prófananna sem tilgreindar eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/51/EB frá 6. júní 2006 um breytingu, að því er varðar aðlögun að tækniframförum, á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB og IV. og V. viðauka við tilskipun 2005/78/EB að því er varðar kröfur um vöktunarkerfi fyrir mengunarvarnarbúnað til nota í ökutækjum og undanþágur vegna gashreyfla ⁽⁴⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði I. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 70/156/EBE):
„– **32006 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 (Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 45zl (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EBE):
„– **32006 L 0051**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/51/EB frá 6. júní 2006 (Stjtið. ESB L 152, 7.6.2006, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 333, 30.11.2006, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 60, 30.11.2006, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 140, 29.5.2006, bls. 33.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 152, 7.6.2006, bls. 11.

3. Eftirfarandi bætist við í lið 45zo (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB):
„, eins og henni var breytt með:
– **32006 L 0051**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/51/EB frá 6. júní 2006 (Stjtíð. ESB L 152, 7.6.2006, bls. 11).“
4. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 45zo (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/78/EB):
„45zp. **32006 D 0368**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/368/EB frá 20. mars 2006 um ítarlegar, tæknilegar kröfur um framkvæmd prófananna sem tilgreindar eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/66/EB um notkun varnarbúnaðar framan á vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 140, 29.5.2006, bls. 33).
45zq. **32006 L 0040**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB frá 17. maí 2006 um losun frá loftræstikerfum í vélknúnum ökutækjum og um breytingu á tilskipun ráðsins 70/156/EBE (Stjtíð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2006/40/EB og 2006/51/EB og ákvörðunar 2006/368/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. desember 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.